



## Drög að reglugerða um sjálfbæra landnýtingu - umsögn Ferða- og útivistarfélagið Slóðavinir

Í þessum drögum er klárlega verið að vaða yfir landeigendur víða um land og flesta útivistarhópa á landinu þar sem lítið sem ekkert samráð virðist vera við neinn. Það leggst að manni grunur um að það eigi að lauma þessu í gegn meðan allt fárið með stjórnamyndun, vandræði með talningu atkvæða og annars ástands í þjóðfélaginu gengur yfir okkur.

Þetta er bara rangt gagnvart almenningi í landinu.

Það sem snýr helst að okkur sem útivistarfélagi er 9.gr. "viðmið vegna umferðar fólks og ökutækja"

Miðað við þær takmarkanir sem eru nefndar þar í liðum "a til k" þá virðist sem að hvorki fólk eða faratæki megi koma nálægt þeim landsvæðum sem reglugerðinni er ætlað að drottna yfir.

Það er engin sá slóði eða vegur sem ekki skilur eftir sig ummerki, en það þarf alls ekki vera slæmt mál, fólk þarf jú að geta ferðast og hafa frelsi til þess að njóta landsins síns en auðvitað fylgja vegum og slóðum sem fyrir eru.

Það er ekki á neinn hátt hægt að sætta sig við svona heiftugar takmarkanir á ferðafrelsi eins og þetta orðalag er.

Það eru nú þegar til lög sem banna utanvega akstur "samkvæmt náttúruverndarlögum nr.60/2013 er óheimilt að aka utan vega eða slóða" svo það er engin þörf á að setja einhverjar reglur um akstur og faratæki inni en eina reglugerðina, það býr bara til rugling og misskilning.

Förum við í **Ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinir** fram á að þessi reglugerð verði dregin til baka að fullu og komið verði á samráði við landeigendur, sveitafélögum og útivistarfélögum. Þannig verði hægt að vinna nýja reglugerð í sátt og samlyndi við landsmenn.

Halldór Sveinsson

Formaður Ferða- og útivistarfélagsins Slóðavinir